



Sturla Ómarsson, stjórnarformaður Eftirlaunasjóðs FÍA, setti fundinn og bauð sjóðfélaga velkomna. Hann gerði tillögu um að Rafn Jónsson yrði kosinn fundarstjóri og var tillagan samþykkt. Rafn Jónsson tók við fundarstjórn og lagði til að Unnur Elín Jónsdóttir yrði skipuð fundarritari og var það samþykkt.

Fundarstjóri fór yfir ákvæði sjóðsins um boðun fundarins, hvernig að henni var staðið og lýsti fundinn lögmætan og til þess bærann að afgreiða dagskrárefni. Til fundarins var boðað með auglýsingu á vef sjóðsins 19. apríl og aftur 17. maí sl., auk þess sem auglýsing var birt í dagblaði þann 14. maí sl., tölvupóstur sendur á félagsmenn og fundurinn auglýstur í FÍA-appinu.

Fundarstjóri lagði til að liðirnir um ársreikninginn og fjárfestingarstefnuna yrðu teknir saman og á eftir honum yrði farið yfir tryggingafræðilega stöðu sjóðsins. Sú tillaga fundarstjóra sætti ekki andmælum af hálfu fundarmanna.

Gengið var til dagskrár og mál afgreidd sem hér segir:

1. Skýrsla stjórnar

Ávarp **Sturlu Ómarssonar**, formanns stjórnar EFÍA:

Kæru félagar

Undanfarin ár á fjármálamörkuðum hafa verið afar sveiflukennd. Árið 2021 var til að mynda með bestu árum frá upphafi sjóðsins en árið 2022 eitt af þeim erfiðustu sem sjóðurinn hefur tekist á við en það hafa ýmsar stórar áskoranir blasað við sem við höfum þurft að takast á við, eins og stríðsátök og heimsfaraldur. Á árinu 2023 má segja að þessar áskoranir hafi færst okkur nær því jarðhræringar á Reykjanesi hafa haft gríðarleg áhrif á okkur öll sem þjóð og einnig rekstur lífeyrissjóða. Átök vegna íbúðarlánasjóðs standa enn yfir og enn geisa stríðsátök í hinum alþjóðlega heimi og nú á fleiri stöðum en áður. Allt hefur þetta haft gríðarleg áhrif á fjármálakerfi heimsins. Eftir mjög erfitt ár, árið 2022 voru vonir bundnar við að viðsnúningur myndi eiga sér stað á árinu 2023. En eins og við flest þekkjum var árið 2023 ekki það ár sem við öll höfðum vonast til og horfum við öll til þeirra samlanda okkar sem höfðu komið sér fyrir í Grindavík. En á fjármálamörkuðum byrjaði árið erfiðlega og það var ekki fyrr en undir lok árs sem markaðir tóku aðeins við sér og réttu ávöxtun sjóðsins aðeins við en útlit var fyrir enn verra ár í ávöxtun en raunin varð. Ávöxtun sjóðsins árið 2023 var 7% nafnávöxtun eða neikvæð sem nam 0,74% raunávöxtun og er raunávöxtun sl 10 ára rétt um 3,5% sem er sú ávöxtun sem skuldbindingar sjóðsins eru reiknaðar út frá. Það er ánægjulegt að sjá að sjóðurinn heldur áfram að stækka en iðgjöld ársins hækkuðu um rúm 32% frá fyrra ári, en ljóst er að ferðaþjónustan hefur tekið aftur vel við sér og ráðningar flugmanna að eiga sér stað þó að einhverjar blikur gætu verið á lofti í því samhengi. Við bíðum því enn eftir viðsnúning þó ávöxtun fari ágætlega af stað á þessu ári en það má enn búast má áframhaldandi óstöðugleika þar sem enn geisa stríðsátök sem sér ekki fyrir endann á, ásamt verkefnum í baráttunni við náttúruöflin á Reykjaneskaga. Rétt er að taka fram að EFÍA fjárfesti löngu áður en jarðhræringar hófust á Reykjanesi í HS Orku, HS Veitum og Bláa Lóninu. Breyttar aðstæður á Reykjanesinu geta því haft áhrif á rekstur sjóðsins. Þó verður að taka fram að þessi félög eru tryggð að ákveðnu marki gegn eignartjóni og rekstrarstöðvun. Stjórn EFÍA hefur sett sér

fjárfestingastefnu með þeim hætti að dreifa áhættunni þannig að þegar einn flokkur gengur illa þá oftast er annar flokkur í eignasafninu sem gefur góða ávöxtun. Hátt vaxtastig gerir hlutabréfamörkuðum erfitt fyrir og hefur það einkennt íslenska hlutabréfamarkaðinn en þó hafa erlend hlutabréf skilað góðri ávöxtun og hefur því sú ákvörðun stjórnar að hækka erlendar eignir sjóðsins nokkuð myndarlega síðustu ár hjálpað til að dreifa áhættu og minnka sveiflur í ávöxtun. Á árinu 2022 voru gefnar út nýjar lífslíkutöflur sem voru með frábrugðnum hætti en áður þekkti. Áður fyrr voru skuldbindingar sjóðsins reiknaðar út frá því að allir myndu lifa jafn lengi en í þeim nýju forsendum sem teknar voru upp árið 2022 var reiknað með að lífaldur Íslendinga færi hækkandi, þ.e.a.s. þeir sem yngri eru myndu ná hærri aldri en þeir sem eldri eru. Í litlum hóp tryggingastærðfræðinga var ósætti með hvaða hætti ætti að innleiða þessar nýju lífslíkutöflur inni útreikninga á tryggingafræðilegri stöðu en lífeyrissjóðir innleiddu þessar nýju forsendur með ólíkum hætti. Málið fór fyrir dóm þar sem dómur féll Héraðsdómi og hefur skapast nokkur réttaróvissa með tryggingafræðilega stöðu lífeyrissjóða á Íslandi. Málið er nú komið til Hæstaréttar og er von á niðurstöðu á haustmánuðum. Í stuttu máli getur niðurstaða þar haft töluverð áhrif á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins. Tryggingafræðileg staða sjóðsins í dag út frá þeirri aðferðarfræði sem stjórn EFÍA ákvað að styðjast við að fegnu álit tryggingastærðfræðings sjóðsins er nú neikvæð sem nemur 6,4% þar sem framtíðarréttindi eru van reiknuð sem nemur 2,3%. Ef þau réttindi eru sett í jafnvægi þá er staðan neikvæð sem nemur rúmlega 7%. Benedikt mun sem fyrr fara betur yfir þetta hér á eftir. Eins og flestum ykkar er kunnugt þá kynnti þáverandi fjármálaráðherra um fyrirhuguð slit á Íbúðarlánasjóði á haustmánuðum 2022 þar sem spara átti ríkissjóði mikla fjármuni. Stærstu eigendur eða kröfuhafar Íbúðarlánasjóðs eru lífeyrissjóðir landsins og því hefði sparnaður ríkissjóðs orðið afskriftir lífeyrissjóðanna. Í einföldu máli snýr deilan að því að lífeyrissjóðir vilja fá skuldabréf íbúðarlánasjóðs gerð upp til loka líftíma þeirra en ríkissjóður er ekki tilbúinn að ganga að þeirri kröfu. Staðan er sú að aðilar hafa ákveðið að setjast að samningaborðinu og reyna að finna lausnir en það er krafa lífeyrissjóðanna að fullar heimtur komi til enda er staða okkar sterk. Það er ánægjulegt að segja frá því að Mercer og samtökin CFA institutue, gerðu enn á ný samanburð á lífeyriskerfum 47 ríkja og var íslenska kerfið talið næst besta á eftir Hollandi. Ísland hlaut A einkunn en slík einkunn er gefin þegar lífeyriskerfi teljast fyrsta flokks, tryggja góð réttindi og séu sjálfbær. Við getum verið stolt af okkar kerfi. Stjórn hefur reynt að ná sem fyrr til sjóðfélaga með upplýsingafundum og fréttum á heimasíðuna. Einnig hefur sjóðfélögum gefist kostur að nálgast frekari upplýsingar með stafrænum hætti, en til að mynda er hægt að sjá með myndrænum hætti stöðu og útgreiðslur í appi Arion banka sem og núna er hægt að sækja um lán með rafrænum hætti. Á síðastliðna ári urðu framkvæmdarstjóra skipti sjóðsins þar sem Guðmundur Thorlacius tók við af Snædís Ögn Flosadóttur og í upphafi þessa árs varð sú breyting að nú er framkvæmdarstjóri starfsmaður sjóðsins en ekki starfsmaður Arion banka. Fyrir hönd stjórnar sjóðsins langar mig að þakka starfsfólki og sjóðfélögum fyrir mjög ánægjuleg og góð samskipti á árinu. Sérstaklega langar mig að þakka Guðmundi framkvæmdarstjóra sem og Hjörleifi forstöðumanni eignastýringar fjárfesta hjá Arion banka. Einnig langar mig að þakka stjórnarmönnum fyrir mjög ánægjuleg og heiðarleg samskipti á síðastliðnu ári.

2. Kynning á ársreikningi

Guðmundur Thorlacius Ragnarsson, framkvæmdastjóri EFÍA, fór yfir lykilatriði í ársreikning sjóðsins sem og yfirferð á breytingu á hreinni eign 2023, þróun iðgjalda og lífeyrisgreiðslna, efnahagsreikning og sjóðstreymi.

Iðgjöld á árinu námu 2,7 milljörðum króna, en þar af voru iðgjöld sjóðfélag 672 milljónir og iðgjöld launagreiðenda voru rétt rúmlega 2 milljarðar. Hækkunin milli ára skýrist aðallega af því að fjöldi greiðanda jókst um 150 manns milli ára. Greiddur lífeyrir nam 1 milljarði, 746 milljónum króna. Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok 2023 nam 60 milljörðum og 695 milljónum króna. Einnig fór Guðmundur yfir efnahagsreikning og sjóðstreymi.

Guðmundur fór yfir helstu skýringar og kennitölur í ársreikningnum, þ.e. rekstrarkostnað og greiddan lífeyri á árinu 2023, og benti á að heildarumsýslukostnaður, þ.e. bæði hin eiginlega umsýslubókun og fjárfestingargjöld, hækkuðu um 3%, sem helst í hendur við hækkun á meðaltal hreinnar eignar á milli ára. Bent var á að þrátt fyrir hækkun á rekstrarkostnaði um 8 milljónir króna þá lækkar hlutfall rekstrarkostnaðar miðað við hreina eign. Fjallað var um meðalfjölda lífeyrisþegar sjóðsins, svo og sundur greiningu hvernig skiptingu á lífeyri var háttað á árinu. Að lokum fór Guðmundur stuttlega yfir upplýsingagjöf til sjóðfélaga á árinu og minnti sjóðfélaga á að skoða heimasíðu sjóðsins.

3. Tryggingafræðileg úttekt

Benedikt Jóhannesson gerði grein fyrir niðurstöðu tryggingafræðilegrar athugunar miðað við 31. desember 2023. Benedikt fór yfir forsendur og reikniaðferð við matið. Nefndi hann að taðlaðar forsendur væru notaðar að öllu leyti nema að raunveruleg hjúskaparstaða væri notuð hjá lífeyrisþegum sjóðsins. Tryggingafræðileg staða í lok árs 2023 var sú að áfallin skuldbinding í hlutfalli a skuldbindingum í árslok var -10,6% en var í ársbyrjun 2023 9,5%. Heildarskuldbindingin var -6,4% en var á byrjun árs 6,8%. Benedikt fór yfir yfirlit um breytingar miðað við nýja réttindatöflu. Hann fór yfir álagspróf, áhrif breyttra forsendna og sögulega þróun. Benedikt nefndi að flugmenn virðast lifa lengur en þjóðin almennt og örorkulíkur virðast vera minni.

Benedikt sagði að óvissa í umhverfi sjóðsins, nefndi sérstaklega Live-dóminn. Ef lífeyrissjóðurinn LIVE tapar því máli þá hefur það neikvæð áhrif á þennan sjóð. Ef málið vinnst þá hefur hann engin áhrif.

Eftir umfjöllun tryggingastærðfræðings sjóðsins var sjóðfélögum gefinn kostur á að bera fram spurningar. Engar spurningar komu fram.

4. Fjárfestingarstefna sjóðsins

Hjörleifur Arnar Waagfjörð forstöðumaður Eignastýringar fagfjárfesta Arion banka fór yfir þróun markaða, ávöxtun, eignasamsetningu og fjárfestingarstefnu EFÍA 2024. Raunávöxtun á markaðsvirði safnsins var -1% á árinu 2023. Hjörleifur fór yfir niðurbrot ávöxtunar niður á eignaflokka. Hjörleifur fór yfir ávöxtun eignaflokka sbr. viðmið, með og án sjóðfélagalána. Hann fór yfir raunávöxtun sjóðsins til lengri tíma litið, frá 1997 – 2023, meðal raunávöxtunin á því tímabili var 2,9%. 15 ára ávöxtun á ári 3,6%. Ánægjulegt að ávöxtun í erlendum var um 17% sagði Hjörleifur.

Hjörleifur fór yfir ávöxtun EFÍA samanborið við aðra lífeyrissjóði, sýndi þróun á hlutfalli erlendra eigna sjóðsins. Stefnan á árinu 2024 er með 40% erlendum eignum. Stjórn hefur tekið þá ákvörðun að hækka eignir í erlendum eignum, sem var mjög góð ákvörðun, möguleiki á að fara enn hærra í erlendum eignum. Hjörleifur fór yfir eignasamsetninguna og sýndi 5 stærstu innlendu skuldabréf sjóðsins. Farið var yfir málefni ÍL sjóðs, hann sagði að virði bréfanna væru um 469 milljónir króna hærra ef ekki hefði til komið fyrirætlanir ríkisins um að setja ÍL sjóð í slitameðferð. Farið var yfir hlutfall sjóðfélagalána samanborið við lífeyriskerfið í heild. EFÍA er með 15,18% en lífeyriskerfið er með 8,9%.

Hjörleifur fór yfir eignasamsetningu sjóðsins, sundurliðun skuldabréfa og hlutabréfa. Hjörleifur fór yfir helstu eignir ársins 2023 og ræddi innlenda- sérhæfðar fjárfestingar, uppbyggingu og markmið að baki erlendum sérhæfðum fjárfestingum. Hjörleifur sagði að HS orka, Veitur og Bláa lónið hafi skilað um 900 milljónum til sjóðsins. Að lokum fór Hjörleifur yfir þróun markaða það sem af er ári 2024 og ávöxtun eignasafns á sama tíma. Hann fór yfir fjárfestingarstefnu sjóðsins vegna ársins 2024. Helstu breytingar á fjárfestingarstefnunni á milli ára voru að hlutfall erlendra fjárfestinga var aukið. Vikmörk voru aðlöguð í samræmi við áherslubreytingar. Hjörleifur sýndi samanburð á fjárfestingarstefnum samtryggingadeilda helstu lífeyrissjóða landsins í samanburði við stefnu sjóðsins.

Eftir umfjöllun Hjörleifs var sjóðfélögum gefinn kostur á að bera fram spurningar og koma með athugasemdir við skýrslu stjórnar, reikninga sjóðsins, fjárfestingarstefnu sjóðsins og ávöxtun hans. Engar spurningar komu fram.

Að því loknu lagði fundarstjóri skýrslu stjórnar og ársreikning EFÍA 2023 fyrir fundinn til samþykktar.

Skýrsla stjórnar og ársreikningurinn voru samþykkt samhljóða.

5. Tillaga stjórnar til breytingar á samþykktum sjóðsins

Næst á dagskrá voru tillögur stjórnar til breytinga á samþykktum og bauð fundarstjóri framkvæmdastjóra að kynna þær. Guðmundur vísaði til glærukynningar og sagði að um væri að ræða sjö tillögur til breytinga á samþykktunum vægna:

- Afnáms heimildar að greiða í EFÍA tímabundið af launum frá vinnuveitanda sem ekki er með kjarasamning við FÍA. Áfram verður þó hægt að greiða í sjóðinn ef sjóðfélagar eru að fá greiðslur frá Fæðingarorlofssjóði og Atvinnutryggingasjóði;
- Skipunar utanaðkomandi einstaklings í endurskoðunarnefnd;
- heimildar að greiða út iðgjöld, sem berast eftir að sjóðfélagi hefur hafið töku lífeyris, til sjóðfélaga án þess að hann þurfi sérstaklega sækja um það;
- langrar framkvæmdar um útreikning á örorkulífeyri;
- breytingar á reglum um makalífeyri;
- leiðréttingar í grein 14.4;
- breytingar á réttindatöflu og áunnum réttindum sjóðfélaga.

Benedikt Jóhannesson, tryggingastærðfræðingur sjóðsins, tók til máls á fundinum og sagðist vera algjörlega samþykkur framkominni tillögu stjórnar um breytingu á réttindatöflu og áunnum réttindum sjóðfélaga. Hann hefði komið að meðferð þess máls á fyrri stigum með stjórninni.

Þá var fjallað um gildistöku ákvæðanna. Kynninguna má finna í fylgiriti með fundargerðinni. Guðmundur kynnti að í samræmi við samþykktir sjóðsins hæfust kosningar um samþykktabreytingar að loknum ársfundi og stæðu í eina viku.

Þegar Guðmundur hafði lokið máli sínu spurði fundarstjóri hvort einhver vildi taka til máls. Enginn tók til máls.

6. Stjórnarkjör

Sturla Ómarsson fór yfir stjórnarkjör sjóðsins. Stjórn EFÍA er skipuð fimm aðalmönnum og fimm varamönnum. Samkvæmt greinum 4.1 í samþykktum sjóðsins skulu sjóðfélagar nú kjósa tvo aðalmenn og einn varamann til stjórnarsetu í tvö ár. Að auki eiga svo sæti í stjórninni einn aðalmaður og tveir varamenn sem kjörnir voru 2022 til tveggja ára og tveir aðalmenn og tveir varamenn sem Ícelandair tilnefni til eins árs. Auglýst var eftir framboðum til stjórnar þann 19. apríl 2024 og lauk framboðsfresti þann 3. maí 2024. Sturla fór yfir þau framboð sem borist höfðu og ítrekaði að nú strax í kjölfar fundar opnaði rafræn kosning til stjórnar sem stendur í viku. Frekari upplýsingar um framboð má nálgast á heimasíðu sjóðsins. Salvör Egilsdóttir var sjálfkjörin til næstu tveggja ára. Engin mótframboð komu. Framboð til varamanns til tveggja ára eru Arna Óskarsdóttir, Gauti Sigurðsson og Úlfar Henningsson. Fram kom spurning frá Geirbrúður Alfreðsdóttur um kosningu varamanna og svaraði Sturla að nú væri í raun verið að kjósa á milli Úlfars og Gauta. Arna væri sjálfkjörin. Sturla bauð frambjóðendum að kynna sig og steig Arna í pontu og kynnti sig stuttlega. Arna hefur verið varamaður síðastliðin 4 ár.

7. Skipun stjórnarmanna sem ekki eru kjörnir á ársfundi og laun stjórnarmanna

Sturla fór yfir skipun stjórnarmanna, tímann sem stjórnarmenn eiga eftir af sínu kjörtímabili og laun stjórnarmanna. Sturla ræddi hvernig laun hefðu verið að þróast á almennum vinnumarkaði og hjá stjórnnum skráðra félaga. Tillaga stjórnar var að laun skyldu hækka um 6,5%, sem væri mitt á milli hækkunar á almennum markaði og hækkun á stjórnarlaunum skráðra félaga.

Lagt var til að heildarlaun stjórnar á mánuði skyldu vera:

Formaður 385.269 kr.

Varaformaður 288.952 kr.

Stjórnarmaður 192.634 kr.

Varamenn, ef þeir taka sæti 192.634 kr.

Varamenn (fyrir hvern fund) 61.643 kr.

Laun endurskoðunarnefndar fyrir hvern fund:

Nefndarmaður, 61.643 kr.

Spurt var hvort ekki væri rétt, ef tillaga stjórnar um lækkun áunninna réttinda yrði felld, hvort þessi hækkun ætti ekki einnig að ganga til baka. Sturla svaraði því til að ef laun stjórnarmanna ættu að haldast í hendur í við það hvernig lífeyrisgreiðslur hafa verið að hækka, þá væru þau töluvert hærri.

Engar frekari spurningar komu fram

Fundarstjóri lagði tillögu stjórnar undir fundinn. Tillagan var samþykkt, einn var andvígur.

8. Tillaga að tilnefningu í endurskoðunarnefnd

Næst bauð fundarstjóri framkvæmdastjóra að kynna þá tillögu stjórnar að skipa Sigríður Einarsdóttir og Guðlaugur Sigurðsson í endurskoðunarnefnd sjóðsins, í samræmi við ákvæði laga. Fundarstjóri lýsti orðið laus um þessa tillögu stjórnar en enginn tók til máls. Engar aðrar tillögur komu fram.

Fundarstjóri lagði tillögu stjórnar undir fundinn og var hún samþykkt samhljóða.

9. Val endurskoðanda

Næst á dagskrá var kjör endurskoðanda og kynnti fundarstjóri tillögu stjórnar um að tilnefna Grant Thornton sem endurskoðunarskrifstofu og Davíð Arnar Einarsson sem endurskoðandi fyrir yfirstandandi ár.

Fundarstjóri spurði fundinn hvort einhver vildi taka til máls og hvort aðrar tillögur væru gerðar. Svo var ekki og enginn tók til máls og lagði fundarstjóri tillögu stjórnar undir fundinn til samþykktar. Tillagan var samþykkt samhljóða.

10. Önnur mál

Fundarstjóri upplýsti fundinn og stjórn að hann vildi ekki að orðið ellilífeyrisþegi væri notað um sig, hann væri ekki að þiggja neitt, hann væri frekar að taka úr sjóðnum sem hann hefði lagt fyrir í.

Fundarstjóri upplýsti að engin önnur mál hefðu verið lögð fyrir fundinn til umræðu eða afgreiðslu og spurði fundarmenn hvort einhver þeirra vildi bera upp slíkt mál. Guðmundur Ólafsson vildi leggja tillögu fyrir fundinn um að breyta orðalagi á tillögur stjórnar um lækkun áunninna réttinda þannig að ekki væri miðað við 1% á mánuði, heldur 1% á ári. Umræður fóru fram hvort heimilt væri að bera tillöguna fram og var upplýst að samkvæmt samþykktum sjóðsins þurfa allar tillögur sem taka á fyrir á ársfundi að berast stjórn sjóðsins eigi síðar en viku fyrir ársfund. Tillagan var því ekki tæk fyrir fundinn.

Fleira var ekki tekið fyrir þar sem dagskrá fundarins var tæmd. Fundarstjóri fékk heimild til að ganga frá fundargerð ásamt fundarritara. Þakkaði hann fundinum fyrir góðan fund og afhenti fundarstjórn til stjórnarformanns sjóðsins.

Að lokum tók stjórnarformaður til máls, þakkaði fyrir góðan fund, góða mætingu og gefandi samveru og sleit fundi formlega kl. 13:42.

Reykjavík, 31. maí 2024

Rafn Jónsson
Fundarstjóri

Unnur Elín Jónsdóttir
Fundarritari



Undirritað af:
Rafn Jónsson
2803524389
Dags: 04.07.2024
Tími: 15:07:58
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: c719c0a9-fb3a-4437-aefa-d23424b9a659



Undirritað af:
Unnur Elín Jónsdóttir
3006684539
Dags: 09.07.2024
Tími: 14:45:12
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: c719c0a9-fb3a-4437-aefa-d23424b9a659